

NEYTENDA BLAÐIÐ

2. tbl. 62. árg. - júní 2016

SKAÐABÆTUR FLUGFARÞEGA

SÓLARVÖRN
- gæðakönnun

*Hvað kostar
gjaldeyririnn?*

**Fartölva eða
spjaldtölva?**



Hagkvæmari landbúnað!

Á þingi Neytendasamtakanna, sem haldið var í lok september 2014, var samþykkt róttæk ályktun um landbúnaðarmál. Þar var krafist endurskoðunar á kerfinu frá grunni og þess að hagræðing yrði í fyrsta sæti. Það var sannfæring þingfulltrúa að það yrði til að styrkja íslenskan landbúnað. Þess var krafist að tollar á mjólkurvörum yrðu lækkaðir og síðar afnumdir. Til að koma í veg fyrir fákeppni á eggja-, kjúklinga- og svínakjötsmarkaði yrði innflutningur þessara vara á lágum eða engum tollum. Loks var gerð krafa um að samkeppniþing næðu að fullu til mjólkuriðnaðarins og að innfluttar vörur uppfylltu sömu kröfur og gerðar eru til innlestrar framleiðslu. Á grundvelli þessa mótaði stjórn Neytendasamtakanna afstöðu sína til nýs búvörusamnings milli stjórnvalda og Bændasamtakanna.

Þegar þetta er skrifað hafa bændur samþykkt búvörusamninginn sem gilda á í tíu ár. Alþingi þarf þó að samþykka breytingar á lögum áður samningurinn tekur gildi. Neytendasamtökin hafa gagnrýnt samninginn enda leiðir hann að langmestu leyti til óbreytts ástands. Hann vinnur gegn hagsmunum neytenda en styrkir þó ekki stöðu bænda og engar tryggingar eru fyrir því að hann efli byggðaþróun. Einnig vinnur samningurinn gegn nýsköpun og þar með gegn framtíðarhagsmunum bænda jafnt sem neytenda.

Í samþykkt stjórnar Neytendasamtakanna um búvörusamninginn segir að hann sé framleiðsluhvetjandi sem þjóni ekki hagsmunum neinna, hvorki neytenda, bænda né skattgreiðenda. Það er ljóst að útgjöld stjórnvalda vegna landbúnaðar munu aukast og spilar þar inn í að greiðslur til bænda eru verðtryggðar. Það er einnig fráleitt að hafa þennan samning til tíu ára, enda bindur hann þá næstu þrjár ríkisstjórnir.

Kostnaður stjórnvalda vegna þessa samnings verður um 13 milljarðar á ári eða 130 milljarðar á samningstímanum. Auk þess býr innlend búvöruframleiðsla við mikla tollvernd sem ætla má að sé á bilinu 8-10 milljarðar króna á ári. Með þessum samningi er þannig í raun verið að tryggja bændum 21-23 milljarða á ári eða um 210-230 milljarða á samningstímanum. Þessi nýi samningur felur samt í sér óbreytt ástand í landbúnaði og viðheldur núverandi kvótakerfi. Samningurinn tryggir að ekki ríki full samkeppni á markaði landbúnaðarvara, hann er fjárhagslega dýr og gengur þvert gegn hagsmunum neytenda.

Fyrsta árið eru 900 milljónir króna og síðan 700 milljónir króna eyrna-merktar til að stuðla að nýliðun og nýsköpun. Aðeins er áætlað að nota 35 milljónir króna til að ýta undir lífræna vottum. Svo lág upphæð er ekki hvetjandi fyrir bændur til að snúa sér að lífrænni framleiðslu.

Það er því niðurstaða Neytendasamtakanna að Alþingi eigi ekki að staðfesta lög svo búvörusamningurinn taki gildi. Minnt er á að alþingismönnum ber að taka almannahagsmuni fram yfir sérhagsmuni.

Neytendasamtökin taka jafnframt eindregið undir kröfur Dýraverndar-sambands Íslands um að eðlilegt sé að þeir sem fremja alvarlegt eða ítrekað dýraníð verði sviptir framleiðslustyrkjum.

Loks gagnrýna Neytendasamtökin að stjórnvöld hafi ekki leitað eftir samráði eða sjónarmiðum Neytendasamtakanna við gerð þessa samnings. Minnt er á að samningurinn hefur mikil áhrif á kjör neytenda.

Jóhannes Gunnarsson

Efni

Leiðari	2
Fréttir frá NS	3
Reynslusögur	4
Frá ECC og Leigjendaaðstoðinni	5
Spjaldtölva eða fartölva?	6
Góð ráð við bílþvottinn	8
Réttindi flugfarþega	9
Sólarvörn - gæðakönnun	12
Kostnaður við gjaldeyriskaup	14
Bjarga matarinnkaup heiminum?	16
Orkusparandi þvottavélar	17
Lýsi – perla eða skeið?	18
Snertilausar kortagreiðslur	20
Svik og prettir	21



Blaðið er prentað á umhverfisvænan hátt.

NEYTENDABLAÐIÐ

2. tbl. 62.árg. júní 2016

Útgefandi: Neytendasamtökin,
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík
Sími: 545 1200

Veffang: www.ns.is

Netfang: ns@ns.is

Ábyrgðarmaður: Jóhannes Gunnarsson
Ritnefnd: Hildigunnur Hafsteinsdóttir,
Jóhannes Gunnarsson.

Umsjón með gæðakönnun: Hildur Sif Thorarensen
Yfirllestur: Finnur Friðriksson

Umbrot og hönnun: Lýðveldið

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, umhverfisvottuð prentsmiðja.

Forsíðumynd: istockphoto

Upplag: 8.100 eintök, blaðið er sent öllum félagsmönnum í Neytendasamtökunum.

Árgjald Neytendasamtakanna er 5.400 krónur og innifalið í því er m.a. Neytendablaðið, 4 tölublöð á ári.


Heimilt er að vitna í Neytendablaðið í öðrum fjölmiðlum sé heimildar getið. Óheimilt er þó að birta heilar greinar eða töflur án leyfis Neytendasamtakanna. Upplýsingar úr Neytendablaðinu er óheimilt að nota í auglýsingum og við sölu nema skriflegg leyfi Neytendasamtakanna liggja fyrir.

Heimasíðan ns.is - aðgangur að læstum síðum:

Notendaorð: félagi

Lykilorð: flug44

Neytendasamtök vilja sýklalyfin af matseðlinum



Neytendasamtök um allan heim hafa tekið höndum saman í baráttunni gegn sýklalyfjanotkun í landbúnaði. Krafan var sett fram í tilefni af alþjóðadegi neytendaréttar sem haldinn var 15. JÚNÍ sl. Neytendasamtökin fjölluðu um þessa kröfu á heimasíðu sinni. Þar var m.a. bent á að sýklalyf eru notuð í vaxandi mæli og að ofnotkun þeirra muni leiða til þróunar sýklaónæmra bakteríustofna sem er talin ein mesta lýðheilsuögnin á komandi árum.

Lyfjastofnun Evrópu hefur gefið út skýrslu um notkun sýklalyfja í 26 Evrópulöndum þar kemur í ljós að notkun sýklalyfja er mikil í Suður-Evrópu og þá ekki síst á Spáni og Ítalíu. Þetta er vegna þess að sýklalyf eru notuð reglubundið í föðri til að forðast sjúkdóma fremur en að meðhöndla þá. Minnst er notkunin á þessum lyfjum á Íslandi og í Noregi, en þar er aðeins heimilt að nota sýklalyf til að meðhöndla dýr vegna sýkinga sem upp koma.

Neytendasamtök gera þá kröfu að bannað verði að nota sýklalyf sem fyrirbyggjandi aðgerð og að þau verði aðeins notuð til að takast á við sjúkdóma. Einnig að komið verði í veg fyrir að þessi lyf séu notuð til að auka vöxt sláturdýra. Vegna mikillar notkunar sýklalyfja er ástæða til að ætla að þau séu víða notuð í þeim tilgangi þó svo að það sé bannað í Evrópu.

Þing Neytendasamtakanna 2016



Næsta þing Neytendasamtakanna verður haldið 29. október nk. og gert er ráð fyrir að það standi allan þann dag. Þingið verður haldið á höfuðborgarsvæðinu en nánari upplýsingar um staðsetningu verða birtar síðar. Í lögum samtakanna kemur fram að „allir félagar Neytendasamtakanna geta verið þingfulltrúar á þingi samtakanna, séu þeir skuldlausir við samtökin, enda tilkynni þeir þátttöku með a.m.k. viku fyrirvara.”

Neytendablaðið hvetur félagsmenn til að taka virkan þátt í starfi samtakanna, m.a. með því að sitja þingið og hafa þannig áhrif á stefnu samtakanna. Á þinginu verður m.a. kosinn formaður auk tólf annarra stjórnarmanna. Einnig verða áhersluatriði næstu tveggja starfsára ákveðin. Nánari upplýsingar um þingið, skráningu á það, framboð til stjórnar o.fl. verða birtar á heimasíðu samtakanna þegar nær dregur.



Sprunginn skjár

Neytandi keypti síma í febrúar síðastliðnum. Hann byrjaði að nota símann tveimur dögum eftir kaupin og kom þá í ljós að að síminn ofhitnaði og sleit símtölum. Á þriðja degi eftir kaupin hringdi neytandinn í seljandann og lét vita og var beðinn um að koma með símann strax. Neytandinn komst ekki fyrir en daginn eftir en svo óheppilega vildi til að sama dag og tilkynnt var um gallann datt síminn á gólfíð og lítill sprunga kom á skjáinn. Þegar komið var með símann til viðgerðar var neytandanum sagt að síminn væri fallinn úr ábyrgð þar sem hann hefði orðið fyrir höggi og neitað var að gera við símann. Viðkomandi leitaði þá til Neytendaaðstoðarinnar þar sem honum var tjáð að ef bilunin í símanum væri óviðkomandi högginu ætti hann rétt á að gert yrði við gallann. Þar sem viðkomandi gat sýnt fram á að hringt hafði verið í seljanda og tilkynnt um gallann fékk hann að endingu afhentan nýjan síma.

VEÐUR RASKAR TÓNLEIKAHALDI

Félagsmaður hafði keypt miða á tónleika en ekki vildi betur til en svo að aflýsa þurfti tónleikunum vegna veðurs. Veðurskilyrði á Íslandi eru með þeim hætti að svona lagað getur gerst og ekki við neinn að sakast þegar Kári lætur illa. Það var að sjálfsgöðu strax brugðist við og tónleikahaldið flutt á annan dag, en þann dag gat viðkomandi ekki sótt tónleikana og óskaði því eftir endurgreiðslu miðans. Það gekk ekki vel að fá miðann endurgreiddan og því var óskað eftir aðstoð Neytendaaðstoðarinnar sem gekk í málið og miðinn fékkst endurgreiddur.

Skemmd sunnudagssteik

Félagsmaður hafði keypt kjöt í sunnudagsmatinn fyrir fjölskylduna en þegar sest var að borðum kom í ljós að kjötið var skemmt. Það var því rokið út á næsta skyndibitastað og sunnudagsmáltíðinni bjargað þannig. Fjölskyldumeðlimir voru ekki kátir með þetta og höfðu samband við Neytendaaðstoðina sem gekk í málið og fjölskyldunni var bættur skaðinn.

HÁR INNHEIMTUKOSTNAÐUR

Kona leitaði til Neytendaaðstoðarinnar vegna reiknings frá innheimtufyrirtæki sem hljóðaði upp á 70.000 krónur, en höfuðstóll kröfunnar var 16.000 krónur. Konan, sem búsett er erlendis, hafði aldrei fengið senda reikninga eða innheimtuviaðvörðun, eins og innheimtuaðila ber samkvæmt innheimtulögum að senda. Hún kom því algjörlega af fjöllum þegar henni var tilkynnt um að innheimtufyrirtækið væri búið að vera með mál á hennar nafni í um hálf t.ár. Innheimtufyrirtækið taldi sig ekki þurfa að senda henni viðvörðun eða reikninga yfirhöfuð vegna þess að hún væri ekki með lögheimili hér á landi, en heimilisfang hennar erlendis var skráð hjá kröfuhafa og því engin vandkvæði fólgin í því að senda reikninga eða innheimtuviaðvörðun. Neytendaaðstoðin gekk í málið og benti á að ákvæði innheimtulaga væru skýr hvað þetta varðar. Að lokum samþykkti innheimtufyrirtækið kröfu Neytendaaðstoðarinnar og konunnar, sem var að fá að greiða höfuðstól kröfunnar án viðbættra vaxta og innheimtukostnaðar.

Útrunnið gjafabréf

Félagsmaður hafði samband vegna gjafabréfs sem var að renna út. Honum hafði ekki tekist að nota bréfið vegna veikinda en þar sem um talsverða upphæð var að ræða vildi viðkomandi vita hvort ekki væri hægt að gera eitt-hvað. Yfirleitt eru gjafabréf háð tímamörkum og gildistíminn skráður á bréfið, og ef svo illa vill til að ekki tekst að nota inneign bréfsins áður en það rennur út er bréfið ónýtt. Í mörgum tilfellum, og sér í lagi ef gildistíminn er sérlega stuttur, en Neytendasamtökin hafa talað fyrir því að gildistími gjafabréfa eigi að vera fjögur ár, er þó rétt að reyna að semja við seljandann. Vegna sérstakra aðstæðna félagsmannsins hafði Neytendaaðstoðin því samband við fyrirtækið sem gaf út bréfið. Fyrirtækið brást vel við og framlengið gildistíma bréfsins um tvö ár.

Innheimt eftir uppsögn

Félagsmaður í Neytendasamtökunum hafði samband vegna ágreinings við fjarskiptafyrirtæki. Hann hafði sagt upp öllum samningum sínum við fyrirtækið í septembermánuði 2015, en þrátt fyrir að uppsagnarfrestur væri liðinn fékk hann ítrekað senda reikninga fyrir þjónustuna. Hann hafði oftsinnis samband við fyrirtækið, sem lofaði að hætta að senda reikninga, en þrátt fyrir það bárust mannum mán-aðarlega reikningar frá því. Neytendaaðstoðin hafði þá samband við fjarskiptafyrirtækið sem felldi niður þá reikninga sem búið var að senda og lofaði að ganga þannig frá málum að fleiri reikningar yrðu ekki sendir.





Seinkun til Kanarí

Íslensk hjón áttu bókað flug með erlendu flugfélagi frá London til Kanarí. Fluginu var hinsvegar aflýst af öryggisástæðum og hjónunum boðið að bóka sig í næsta lausa flug með flugfélaginu og þáðu þau það boð. Hins vegar ákváðu þau síðar að biða ekki eftir því flugi, enda fjórir dagar í brottför þess, og keyptu því flug með öðru flugfélagi. Hjónin kröfðu svo flugfélagið um endurgreiðslu á flugmiðunum, en flugfélagið neitaði öllum kröfum. ECC á Íslandi sendi málið til systurstöðvar sinnar í Bretlandi og setti fram kröfu um að flugfélagið endurgreiddi verðmismuninn á hinu aflýsta flugi og því sem hjónin keyptu með öðru flugfélagi, eða um 450 evrur. Flugfélagið taldi sér ekki skylt að endurgreiða þar sem farþegarnir hefðu upphaflega samþykkt að taka næsta lausa flug með flugfélaginu. Málalok urðu á þá leið að félagið endurgreiddi annan flugmiðann að fullu, að upphæð 360 evrur. Hjónin voru sátt við það og ákváðu því að leita ekki réttar síns frekar, en mat ECC var það að þau ættu a.m.k. rétt á að fá fulla endurgreiðslu.

Frá Leigjendaaðstoðinni:

Tólf mánaða uppsagnarfrestur

Leigutaki hafði búið í leiguhúsnæði um áratuga skeið en aldrei gert skriflegan leigusamning. Sami eigandi hafði verið að húsinu allan tímann og leigufjárhæðin hafði breyst með tilliti til vísitölu á leigutímanum. Eftir áratuga leigu vildi leigusali gera skriflegan, tímabundinn samning um leiguna. Leigjendaaðstoðin gerði leigutaka grein fyrir því að samkvæmt húsaleigulögum væri samningur hans ótímabundinn og hann væri því kominn með rétt til tólf mánaða uppsagnarfrests ef leigusali segði samningnum upp. Leigutaki vildi því ekki samþykka tímabundinn samning til eins árs strax heldur vildi hann að leigusali segði samningnum upp og að tímabundinn samningur tæki gildi að uppsagnarfresti loknum. Leigusali gerði leigutaka þá tilboð um að tímabundinn leigusamningur til tveggja ára með sömu leigufjárhæð tæki gildi strax. Leigutaki samþykkti þann samning og aðilar voru báðir sáttir við málalok.

Endurgreiðsla flugmiða

Íslensk kona átti bókað flug með norsku flugfélagi, en fluginu var svo aflýst nokkrum vikum fyrir áætlaða brottför. Hún sendi erindi á flugfélagið og krafðist þess að fá flugmiðann endurgreiddan, en tilraunir hennar báru ekki árangur. Hún kom þá á skrifstofu ECC á Íslandi og óskaði eftir aðstoð í málinu. Starfsfólk ECC á Íslandi aðstoðaði konuna við að leggja fram kröfu um endurgreiðslu og málið fékk á endanum farsælan endi þar sem hún fékk flugmiðann endurgreiddan líkt og hún átti rétt á.



Yfirlit til Alicante

Íslenskur ferðamaður átti bókað flug frá Alicante til Keflavíkur, en flugfélagið aflýsti fluginu og bókaði hann með öðru flugfélagi í staðinn, með millilendingu í London. Þegar ferðamaðurinn mætti í flugið var honum hinsvegar neitað um far þar sem flugið væri yfirlitbókað og hann í staðinn bókaður í annað flug sem fór síðar. Ferðamaðurinn var ekki sáttur við það, enda mættur vel tímanlega og með miða sem hitt flugfélagið var búið að bóka fyrir hans hönd. Ferðamaðurinn sendi kröfu á flugfélagið sem neitaði honum um far, en þar sem hann fékk aldrei svör leitaði hann til ECC á Íslandi. Starfsmenn ECC á Íslandi sendu málið til systurstöðvar sinnar í Bretlandi sem hafði samband við flugfélagið. Málalok urðu þau að flugfélagið féllst á að greiða skaðabætur vegna neitunar um far.



Sérákvæði í leigusamningi

Leigjandi leitaði til Leigjendaaðstoðarinnar vegna þess að leigusali hans vildi bæta ákvæðum inn í samning þeirra á miðjum leigutíma. Leigutakinn hafði undirritað hefðbundinn ótímabundinn leigusamning en leigusali vildi bæta við sérstöku ákvæði um að uppsagnarfrestur yrði þrjú mánuðir, í stað sex mánaða lögbundins uppsagnarfrests, og ákvæði um að leigutaki ætti að skila íbúðinni nýmálaðri.

Leigjendaaðstoðin gerði leigutaka grein fyrir því að honum væri ekki skylt að skrifa undir samkomulagið og að málun á húsnæðinu væri venjulega hluti af viðhaldsskyldum leigusala. Í kjölfarið hótaði leigusali að segja samningnum upp ef leigutaki skrifaði ekki undir. Leigutaki stóð á sínu og á endanum sættust aðilar á að samkomulagið tæki ekki gildi.



Spjaldtölva eða fartölva?

Það eru mörg tæki í boði á markaðnum í dag og erfitt getur verið fyrir neytendur að átta sig á því hvaða tæki henta þörfum þeirra best. Spjaldtölvur eru orðnar mjög vinsælar, sérstaklega vegna þægilegs viðmóts og þess hversu meðfærilegar þær eru. Augljósasti munurinn á spjaldtölvu og fartölvu er að það er yfirleitt ekki sérstakt lyklaborð á spjaldtölvum, heldur eru þær með snertiskjá og hægt er að slá inn texta á skjánum. Það getur þó haft sína ókosti að vera eingöngu með snertiskjá þar sem það getur verið erfitt að skrifa langan texta á snertiskjánum sjálfum.

Bæði fartölvur og spjaldtölvur
þjóða öflugum og hentugum
notkunarmöguleikum

Hver er munurinn?

Notkunarmöguleikar fartölva og spjaldtölva eru í mörgum tilvikum afar svipaðir. Talið er að skilin á milli spjald- og fartölva muni verða enn óljósari á komandi árum og því er spáð að neytendur muni líklega fremur hallast að því að kaupa tæki sem eru meðfærilegri, en hinsvegar getur í sumum tilvikum verið hentugra að fara hefðbundnar leiðir og kaupa fartölvu. Hugmyndir um að notendur þurfi hefðbundnar tölvur í fullri stærð til að geta búið til og unnið með stór skjöl og erfiða vinnslu virðast vera á undanhaldi. Hægt er að kaupa lyklaborð og aukahluti fyrir margar spjaldtölvur til að auðvelda tölvuvinnslu. Spjaldtölvur hafa þó þann ókost að margar þeirra hafa nokkuð smærri skjái en venjulegar fartölvur, en hindrunum á borð við máttvana örgjörva, léleg gæði á skjám og dræma endingu á rafhlöðuhleðslu hefur í mörgum tilvikum verið útrýmt úr spjaldtölvum.

Notendur þurfa að velja tölvur sem henta þeirra notkun, en munurinn á hágæða spjaldtölvum og venjulegum fartölvum virðist vera orðinn nokkuð lítill. Það er helst ef notandi þarf að vinna með eldri forrit sem ekki voru hönnuð sérstaklega fyrir snertiskjá, eða þunga tölvuvinnslu, sem það getur verið óhentugt að nota spjaldtölvu, en mörg nýrri forrit eru þó hönnuð fyrir snertiskjá. Þá er í mörgum tilvikum hægt að tengja spjaldtölvu við svokallaða tengikví eða vögg. Með því að tengja spjaldtölvu við utanáliggjandi skjá, lyklaborð og mús fær notandinn töluvert betri vinnuáðstöðu en með því að vinna einungis með spjaldtölvuna, enda eru stærstu skjáirni á spjaldtölvum yfirleitt aðeins 11", sem er nokkuð minna en á hefðbundnum fartölvum.

Gott er að hafa eftirfarandi í huga þegar tekin er ákvörðun um hvort eigi að fjárfesta í fartölvu eða spjaldtölvu:

Meðfærileiki

Spjaldtölvur eru líklega hentugri kostur ef notandi vill vera með tölvu sem fer lítið fyrir og auðvelt er að ferðast með, en almennt er skjástærð spjaldtölva 7-11" á meðan hefðbundnar fartölvur eru með 12-16" skjá. Það getur því verið mun auðveldara að ferðast með spjaldtölvu en að dröslast með stærri fartölvu. Einnig eru margar spjaldtölvur með möguleika á að tengjast farsímanetinu (3G eða 4G), sem er ekki oft í boði á hefðbundnum fartölvum.

Afköst

Fartölvur bjóða upp á öflugri afköst, einfaldlega vegna þess að þær eru stærri og hægt er að koma fyrir öflugri vélbúnaði í þeim. Við þunga tölvuvinnslu eða þegar vinna þarf að mörgum verkefnum í einu er fartölva líklegast hentugri kostur. Þrátt fyrir að fartölvur henti betur í slíka vinnslu þýðir það ekki að spjaldtölvur séu hægvirkar, heldur einfaldlega að fartölvur eru betur hannaðar fyrir þunga vinnslu og oft auðveldara að vinna slíka vinnu með lykilorði og mús. Ef notandi ætlar að nota tækið til að spila leiki eins og Candy Crush, vafra um á netinu eða horfa af og til á mynd af Netflix getur spjaldtölva verið rétta tækið. Ef notandi er hinsvegar að leita að tæki til að framkvæma þyngri tölvuvinnslu þar sem mörg forrit eru í gangi í einu er fartölva líklegast hentugri kostur.

Rafhlöðuending

Í ljósi þess að spjaldtölvur eru minni en fartölvur hafa þær almennt betri rafhlöðuendingu, enda þurfa þær ekki jafn mikla orku eða að hafa eins stóra skjái og fartölvur og geta því haldið rafhlöðuhleðslu lengur. Margar af þeim spjaldtölvum sem nú eru í boði eru með rafhlöðu sem heldur hleðslu yfir tíu klukkutíma án þess að þurfa að tengjast við rafmagn. Í meðalfartölvu dugar rafhlöðuhleðslan almennt í kringum fimm klukkutíma. Dýrar fartölvur geta þó haldið rafhlöðuhleðslu lengur, en þá þarf að greiða meira fyrir tæki sem hefur svipaða endingu á rafhlöðuhleðslu og spjaldtölvur.

Skjár

Eins og áður hefur komið fram eru spjaldtölvur almennt með 7-11" skjá á meðan fartölvur eru almennt með 12-16" skjá, en þó eru einhverjar undantekningar á því. Það þýðir þó ekki endilega að skjáir fartölva séu með betri myndgæði. Á smærri skjám, eins og á spjaldtölvum, eru oft þéttari pixlar og myndir því skýrar og með góða skerpu. Það fer allt eftir því hvernig notandi ætlar að nota tölvuna hvort hentar betur. Ef hugsunin er að horfa mikið á myndbönd og nota tækið á ferðinni þá er spjaldtölva líklegast hentugri kostur þar sem slíkar tölvur eru almennt með betri skjá og auðveldara að ferðast með þær. Spjaldtölvur eru með snertiskjá sem hentar vel fyrir leiki og lestur, en fartölvur eru yfirleitt með venjulegum skjá en þó eru í boði fartölvur sem eru einnig með snertiskjá.

Geymslurými

Almennt er töluvert meira geymslupláss í fartölvum en í spjaldtölvum og því er hægt að geyma meira af gögnum á þeim. Yfirleitt er meira vinnsluminni í fartölvum og því eru þær líklega hentugri ef notandi ætlar að vinna með mörg skjöl eða forrit í einu.

Hugbúnaður og vinnsla

Þegar kemur að hugbúnaði snýr notkun spjaldtölva helst að smáforritum eða „öppum“ á meðan fartölvur bjóða upp á meiri fjölbærni. Ef hugsunin er að nota öflug forrit eins og Photoshop eða önnur forrit sem erfitt er að nota eingöngu með snertiskjá getur fartölva verið hentugri kostur. Hvað varðar flakk á netinu finnst sumum hægðarleikur að nota snertiskjá til að skoða vefsíður á meðan aðrir kjósa að nota hefðbundna mús og lykilorð. Flestum finnst auðveldara að vinna með skjöl og gögn í fartölvum þar sem auðvelt er að tengja USB lykila og færa gögn yfir á fartölvu.

Niðurstaða

Það er engin ákvörðun rétt eða röng þegar valið er á milli spjaldtölvu og fartölvu. Það fer einfaldlega eftir því hvernig notandi ætlar að nota tækið hvort borgar sig að fjárfesta í spjaldtölvu eða fartölvu. Bæði fartölvur og spjaldtölvur bjóða öflugra og hentuga notkunarmöguleika.

Ef ætlunin að ferðast mikið og notandinn vill geta lesið fréttir og bækur, eða horft stöku sinnum á myndbönd, mun spjaldtölva líklega henta betur. Spjaldtölvur henta því kannski frekar þeim sem ætla að nota tölvuna meira sem skemmti- eða samskiptatæki en fartölvur eru hentugri fyrir þá sem þurfa að nýta tækin í þyngri vinnu. Ef það er þegar til fartölva á heimilinu getur spjaldtölva verið áhugaverður valmöguleiki. Einnig þarf að hafa í huga hversu miklum fjármunum viðkomandi er tilbúinn að eyða í tækið.



Nú er tíminn til að þrifa bílinn!

Það finnst eflaust mörgum fátt skemmtilegra en að aka um á vel bónuðum og hreinum bíl, sérstaklega nú þegar heiðskírir og hlýir sumardagar eru vonandi framundan. Það eru þó líklega ekki allir sem telja þriffin sjálf jafn skemmtileg.

Fyrir mörgum eru þrif á bifreiðum eins konar helgiathöfn sem getur jafnvel tekið nokkra daga, á meðan aðrir renna bílnum hratt í gegnum sjálfvirkar þvottastöðvar eða nota þvottastæði á bensinstöðvum. Gjarnan eru skiptar skoðanir á því hvernig best er að bera sig að og því erfitt að segja hvernig vinnubrögð eru best. Ýmsar skoðanir eru t.d. á því hvaða bón henti best, hvort best sé að nota svamp, kúst eða örtrefjatuskur og svo mætti lengi telja. Þó erfitt sé að fullyrða um hvaða leiðir eða efni henti best er ekki úr vegi að nefna nokkur góð ráð sem gjarnan eru nefnd í tengslum við þrif á bifreiðum.

Hvenær á að þrifa bílinn?

Ekki er ráðlagt að bíða með þriffin þar til bifreiðin er þakin þykku lagi af óhreinindum. Dauðar pöddur og fuglaskítur geta innihaldið efni sem eyðir upp bónhúð bílsins og skemmir jafnvel lakkið. Betra er að skola af dauðar pöddur og fuglaskít eins fljótt og hægt er.

Hvaða efni á að nota?

Ekki er ráðlegt nota efni sem yfirleitt eru notuð á heimilinu, svo sem handsápu eða uppvottalög. Þrátt fyrir að uppvottalögur sé ágætur til að fjarlægja óhreinindi, fitu og gamalt bón getur hann einnig fjarlægt mikilvæg efni úr bíllakkinu. Því er fremur ráðlagt að nota sérstaka bílsápu sem er þá sérstaklega hönnuð til nota á lakki bifreiða. Tjara myndast gjarnan á bifreiðum, sérstaklega

yfir vetrartímann, en erfitt er að ná henni af og oft gott að nota öflugri hreinsiefni eins og tjöruleysi. Gæta skal að því að nota ekki sama svampinn og notaður er til að þrifa felgur til að þrifa lakkið á bifreiðinni. Á felgum er oft sandur og bremsuryk sem getur rispað lakkið á bílnum ef það smitast þangað. Ef felgur eru mjög skítugar eru til sérstök hreinsiefni og felgusýrur. Þó þarf að gæta að því að felgurnar þoli slík efni, en felgur sem ekki þola felgusýru geta skemmst eftir slíka meðhöndlun.

Aðferðir við þvottinn

Ekki þvo bílinn þegar hann er heitur, svo sem strax eftir að búið er að keyra langar vegalengdir, eða ef honum hefur verið lagt úti í sólarljósi í lengri tíma. Heitt yfirborð flýtir fyrir þornun á sápu og vatni sem gerir þriffin erfiðari og eykur hættuna á að þurrkblettir myndist. Það er gott ráð að skola bílinn lauslega áður en byrjað er að þvo hann. Þannig fara af bílnum laus óhreinindi sem gætu valdið rispum við þvottinn. Með því að einbeita sér að því að þvo einu hluta bifreiðarinnar í einu og skola þann hluta áður en unnið er með næsta hluta er nægur tími til að skola áður en sápan þornar. Með því að nota tvær fötur þegar bifreiðin er þvegin með svampi er hægt að minnka hættuna á rispum út frá óhreinindum. Fyrri fatan er þá með sápunni og vatni en seinni fatan með hreinu vatni og hún notuð til að skola svampinn reglulega. Þannig fer sandur og óhreinindi ekki í sömu fötu og sápuvatnið.

Að þurrka bílinn

Ekki er ráðlegt að láta bifreiðina standa og þorna af sjálfu sér þar sem það getur skilið eftir sig vatnsmerki á lakkinu. Best er að nota vaskaskinn eða klút úr mjúku frotté-efni eftir þvottinn. Ef notaður er slíkur klútur er talið betra að þerra með honum fremur en að draga hann eftir lakkinu. Nú eru í boði sérstakar sköfur sem eru mjög mjúkar, gjarnan gerðar úr sílikoni, sem hægt er að nota til að flýta fyrir þurrkuninni, en skafan er þá notuð til að skafa yfir yfirborðið og hrinda vatni af lakkinu. Nauðsynlegt er þá að gæta að því að skafan sé hrein, en ef óhreinindi eru í sköfunni er hætta á að lakkið rispist þegar henni er strokið yfir yfirborð bílsins.

Þýtt og staðfært af www.consumerreports.org



Ógöngur flugfarþega

– skaðabætur vegna seinkunar

Komi til tafa eða aflýsingar á flugi eiga farþegar margvíslegan rétt. Þessi réttur byggir á Evrópureglugerð um réttindi flugfarþega og er því sambærilegur í öllum ríkjum EES og einnig þó flogið sé frá öðrum löndum til EES-svæðisins, ef flugrekandinn er frá EES-svæðinu. Þannig eiga flugfarþegar t.a.m. rétt á ýmiss konar aðstoð vari seinkun í ákveðinn tíma eða flugi er aflýst, t.d. hressingu, gistingu ef þörf er á og ferðum til og frá flugvelli. Einnig eiga flugfarþegar, samkvæmt ákveðnum reglum, rétt á endurgreiðslu flugs eða breytingu á flugleið til að komast til ákvörðunarstaðar. Um þessar reglur er ítarlega fjallað á heimasíðu ECC á Íslandi, www.eccisland.is, og er áhugasömum bent á umfjöllun þar.

Nánari umfjöllun um þessar reglur er að finna á heimasíðu ECC á Íslandi, www.eccisland.is

Staðlaðar skaðabætur

Auk aðstoðar og annars flugs eða endurgreiðslu flugmiða geta farþegar, sé flugi aflýst eða því seinkað um þrjá tíma eða meira eða farþega neitað um far, átt rétt á stöðluðum skaðabótum í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, en fjárhæð bóta er á bilinu 250-600 evrur, eftir því hvað flugið sem um ræðir er langt. Í þessum tilvikum þurfa farþegar í sjálfu sér ekki að sýna fram á tjón sitt. Flugrekandi getur verið laus undan skaðabótaábyrgð ef hann sýnir fram á að seinkunin eða aflýsingin hafi verið af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að koma í veg fyrir jafnvel þótt allar nauðsynlegar ráðstafanir hefðu verið viðhafðar. Þetta er þó undantekning frá meginreglunni um að farþegar eigi rétt á skaðabótum og ber að túlka hana þröngt. Sé litið til dóma Evrópuðómstólsins og ákvarðana Samgöngustofu er ljóst að mikið þarf að koma til svo flugrekandi sé laus undan bótaskyldu.





Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 31. október 2013

Í þessu máli fór Icelandair fram á að ákvörðun Flugmálastjórnar (nú Samgöngustofa) yrði ógilt en stofnunin hafði gert flugfélaginu að greiða farþega bætur vegna aflýsingar flugs frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur. Málsatvik voru í stuttu máli þau að vegna bilunar sem kom upp í fyrra flugi um hálfum sólarhring fyrir áætlaða brottför var umræddu flugi aflýst og ekki var farið í loftið fyrir en sólarhring eftir áætlaða brottför. Flugmálastjórn byggði ákvörðun sína á því að jafnvel þó einu flugi sé aflýst vegna óviðráðanlegra aðstæðna sem geti valdið því að farþegar þess flugs eigi ekki rétt á skaðabótum teljist sú bilun ekki óviðráðanlegar aðstæður vegna næsta flugs sem vélin eigi að fara í. Þá hafi liðið tæpur sólarhringur frá því viðgerð hafi lokið og þar til umrætt flug hafi farið í loftið og Icelandair hefði farið margar ferðir milli Keflavíkur og Kaupmannahafnar á þeim tíma. Dómurinn rakti þær reglur sem gilda og vísaði til for-dæma Evrópudómstólsins og hafnaði kröfu Icelandair, enda hefði flugfélagið ekki sýnt fram á að ómögulegt hefði verið að koma í veg fyrir aflýsinguna, jafnvel þótt allar nauðsynlegar ráðstafanir hefðu verið gerðar.

Í dómnum segir m.a.: „Annars vegar þarf flugrekandi að sanna að aflýsingin hafi verið af völdum óviðráðanlegra aðstæðna og hins vegar þarf hann að sanna að hann hefði ekki getað afstýrt þeim óviðráðanlegu aðstæðum er leiða til aflýsingar, jafnvel þótt hann hefði gert allar nauðsynlegar ráðstafanir. ... Til dæmis virðist ljóst að Evrópudómstóllinn álitur að tæknileg vandamál teljist almennt ekki til óviðráðanlegra aðstæðna samkvæmt fyrirnefnda skilyrðinu. Þá hefur Evrópudómstóllinn talið að í síðarnefnda skilyrðinu felist að flugrekandi verði að sanna að þótt hann hefði nýtt öll sín úrræði, með tilliti til starfsfólks eða tækjabúnaðar, og þá fjármuni sem hann hafði til umræða, hefði honum skýrlega ekki verið fært – nema með því að færa óbærilegar fórnir í ljósi getu hans á umræddum tíma – að afstýra því að hinar óviðráðanlegu aðstæður sem hann stóð frammi fyrir leiddu til aflýsingar“.

Skortur á upplýsingum

Það er gott að eiga ákveðinn rétt sem flugfarþegi. Hins vegar er það svo að fæstir nýta sér réttindi sem þeir vita ekki af. Í Evrópureglugerðinni um réttindi flugfarþega er skýrt kveðið á um skyldu flugrekenda til að afhenda öllum farþegum sem lenda í aflýsingu, eða a.m.k. tveggja klukkustunda seinkun, eða því að vera neitað um far, skriflegar reglur um skaðabætur og aðstoð í samræmi við reglugerðina. Svo virðist sem töluvert sé um að flugrekendur brjóti gegn þessu ákvæði og hefur Samgöngustofa oftannis í ákvörðunum sínum beint þeim tilmælum til flugrekenda að þeir fari að þessu ákvæði og upplýsi farþega um rétt þeirra.



Ákvarðanir Samgöngustofu: Hvað eru óviðráðanlegar aðstæður?

Fallist á bótakröfur:

Mál 1/2016:

A og B áttu flug með Icelandair frá Orlando til Keflavíkur, en brottför flugsins seinkaði um sex klukkustundir. Skýring flugfélagsins var sú að flugi frá Keflavík til Orlando daginn áður hefði seinkað vegna veðurs. Vegna þessa hefði áhöfnin sem átti að fljúga í fluginu frá Orlando runnið út á tíma og vegna reglna um lágmarkshvildartíma hefði ekki verið hægt að fara fyrr. Samgöngustofa leit svo á, og vísaði jafnframt til fyrri ákvarðana, að þar sem ljóst væri að hinar óviðráðanlegu aðstæður (þ.e. slæmt veður) hefðu verið liðnar hjá þegar flugið frá Orlando var áætlað leysti þessi víxlverkan flugfélagið ekki undan bótaskyldu. Var því gert að greiða A og B 600 evrur hvoru í skaðabætur.

Mál 4/2016:

Brottför flugs A og B með Primera Air frá Keflavík til Jerez á Spáni seinkaði um sjö klukkustundir. Þar þótti að seinkunin hefði verið vegna bilunar í rúðþurrkum sem teldist óviðráðanleg og því væri bótaskylda ekki til staðar. Samgöngustofa gerði P hins vegar að greiða A og B 400 evrur hvoru, enda væri, í samræmi við dóma Evrópudómstólsins, ekki hægt að fella vélarbilanir undir óviðráðanlegar aðstæður sem leystu flugrekanda undan bótaskyldu.

Mál 7/2016:

Komutíma flugs A og B með WOW Air til Boston seinkaði um þrjú tíma og tvær mínútur. WOW var gert að greiða A og B 600 evrur hvoru vegna seinkunarinnar en ekki var fallist á kröfu þeirra um endurgreiðslu annars kostnaðar, t.d. vegna tapaðs tengi flugs þar sem flugrekandi bæri ekki ábyrgð á sjálfstæðu tengiflugi farþega.

Mál 13/2016:

Komutíma flugs A, B og C með Primera Air frá Kanarí til Keflavíkur seinkaði um u.þ.b. sólarhring. Ástæðan var sú að vegna slæms veðurs á Akureyri og Egilsstöðum var ekki hægt að nýta flugvellina þar sem varaflugvelli. Því var næsti varaflugvöllur Glasgow, en til að mögulegt væri að lenda þar þurfti að taka aukaeidsneyti í Shannon á Írlandi. Þegar eldsneytisáfyllingu þar var lokið hafi áhöfnin hins vegar ekki mátt vinna lengur, vegna reglna um leyfilegan vinnutíma, og því hafi verið flogið þaðan til Keflavíkur daginn eftir. Samgöngustofa taldi að flugfélagið hefði getað brugðist fyrr við slæmri veðurspá, eða hraðað eldsneytisáfyllingunni í Shannon, en einhverjar tafir urðu á henni, og þannig gert ráðstafanir til að komast hjá því að áhöfnin rynni út á tíma. Því var P gert að greiða A, B og C 400 evrur hverju í skaðabætur.

Bótakröfum hafnað:

Mál 2/2016:

A, B, C og D fóru fram á skaðabætur frá Air Berlin en flugi þeirra frá Keflavík til Berlínar með flugfélaginu seinkaði um 14 klukkustundir. Málsatvik voru þau að við brottför frá Keflavík fékk vélin fugl í hreyfilinn og þurfti því að snúa henni við. Önnur vél var send til Keflavíkur og fór hún í loftið þaðan 14 klukkustundum eftir áætlaðan brottferðartíma. Mat Samgöngustofu var það að fluginu hefði seinkað vegna ófullnægjandi flugöryggis og það leysti flugfélagið undan bótaskyldu.

Mál 6/2016:

A og B töldu að flugi þeirra með Icelandair frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur hefði seinkað um þrjár klukkustundir og 25 mínútur og kröfðust bóta vegna þess. Samkvæmt gögnum frá Icelandair og Isavia þótti þó ljóst að seinkunin hefði einungis varað í tvær klukkustundir og 34 mínútur og þar af leiðandi var bótakröfu A og B hafnað.

Mál 8/2016:

A, B, C og D áttu bókað flug með Easyjet en fluginu var aflýst vegna veðurs og fór að endingu í loftið um 14 klukkustundum eftir áætlaða brottför. A, B, C og D fóru fram á skaðabætur vegna þessa. Samgöngustofa taldi að ef flugstjóri liti svo á að aðstæður væru þannig að ekki væri fært að fara í loftið yrði að virða þá ákvörðun. Skipti þá ekki máli þó aðrar flugvélar hefðu farið frá Keflavík á sama tíma. Var því fallist á að um óviðráðanlegar aðstæður hefði verið að ræða og bótakröfu hafnað.



Sólarvörn - gæðakönnun

Sólarvörn – ómissandi í sólinni!

Það er mikilvægt, líka í íslensku sólinni, að velja góða sólarvörn og bera hana samviskusamlega á húðina. Það er fátt óþægilegra en slæmur sólbruni en útfjólubláir geislar sólar geta einnig aukið líkur á húðkrabbameini, og því er mikilvægt að verja sig gegn þeim eftir föngum. Það er svo ekki nóg að kaupa réttu vörnina heldur þarf líka að bera hana reglulega á í réttu magni, en án þess skilar hún ekki tilætluðum árangri. Þrátt fyrir góða sólarvörn er afar mikilvægt að gæta hófs í sólböðum og forðast sólina helst alveg milli kl. 11 og 14 þegar hún er sterkust, en því miður hættir mörgum til að liggja bara og grillast jafnvel heilu vikurnar á sólarströndum. Ef tiltekin svæði líkamans eru svo sérlega viðkvæm ætti alls ekki að útsetja þau fyrir sól heldur hylja þau með handklæði eða fatnaði.

Vilji fólk forðast skaðleg áhrif sólarinnar er best að stilla sólböðum í hóf

Markaðskönnun Neytendasamtakanna

Samhliða vinnslu gæðakönnunarinnar gerðu Neytendasamtökin markaðskönnun dagana 28.-29. apríl sl. og var verð kannað hjá 23 seljendum (þar af í 17 apótekum). Markaðskönnunin, en 46 tegundir fundust á markaði, er á læstum síðum á heimasíðu Neytendasamtakanna (aðgangsorðið má finna á bls. 2), en vakin er athygli á því að í mörgum tilvikum var um að ræða gamalt verð og sagt að von á væri á fleiri tegundum af sólarvörn í sumar. Í gæðakönnuninni eru 29 mismunandi gerðir og af þeim fundust fimm þeirra á markaði hér á landi. Neytendablaðið birtir hinsvegar niðurstöður gæðakönnunarinnar í heild sinni enda algengt að sólarvörn sé keypt í fríhöfnum og/eða verslunum í landi því sem ferðast er til.

Hvað er SPF?

SPF stendur fyrir „Sun Protection Factor“ eða sólarvarnarstuðul. Sólarvarnir eru með mismunandi sólarvarnarstuðul en hann segir til um það hve mikið af UVB-geislum síast frá, en útfjólublátt ljós sólar skiptist í UVA og UVB. UVB-geislar sólar valda húðbruna en UVA-geislar (sem hafa aðra bylgjulengd og fara dýpra inn í húðina) valda öldrun hennar. Þá er einnig talið líklegt að báðar tegundir, í óhóflegu magni, veiki ónæmiskerfi líkamans. Flestar sólarvarnir veita vörn gegn bæði UVA- og UVB-geislum en þumalputtareglan er sú að SPF 20 veitir 94% vörn gegn UVB-geislum sem valda bruna og SPF 30 veitir 97% vörn gegn þeim. Þumalputtareglan er svo jafnframt sú að SPF-gildið er í raun margfeldi þess tíma sem hægt er að vera í sól án þess að brenna. Ef húðin brennur á tíu mínútum sé hún óvarin má þannig reikna með að rétt notkun sólarvarnar sem hefur SPF-gildið 20 valdi því að húðin sé 20 sinnum lengur að brenna. Eins og áður sagði er þó ekkert til sem heitir fullkomin vörn og vilji fólk forðast skaðleg áhrif sólarinnar er best að stilla sólböðum í hóf, óháð því hvort sólarvörn er notuð.



Hvernig var prófað?

Þær sólarvarnir sem voru prófaðar voru allar merktar SPF 30, en SPF 10, SPF 15 og SPF 20 eru einnig algengar á markaði.

Sólarvarnirnar voru prófaðar með því að bera þær á mismunandi svæði á líkama þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Að minnsta kosti tíu einstaklingar þurftu að prófa hverja tegund til að prófið teldist gilt. Notast var við gervísól til að hægt væri að stýra magni sólargeisla og fá fram sem nákvæmasta mælingu.

Til að standast prófið þurfti sólarvörnin að vera að minnsta kosti með sólarvarnarstuðulinn (SPF) 30 að meðaltali. Sú sólarvörn sem reyndist með hæstan SPF stuðul í könnuninni var frá Boots, sem er keðja apóteka í Bretlandi. Þær sólarvarnir sem féllu á prófinu voru prófaðar í annað sinn og fengu því ekki fallelkunn nema að hafa farið í gegnum prófið tvisvar. Könnunin birtir ávallt seinni einkunnina ef um tvö próf er að ræða.

Þau vikmörk sem voru notuð við rannsóknina eru 17% og því taldist sólarvörnin standast prófið ef hún var innan þessara vikmarka.

Hvernig var prófað?

Þægindi við notkun á sólarvörninni voru prófuð með því að þátttakendur báru hana á sig og gáfu einkunn á bilinu 0-100 fyrir mismunandi atriði. Þau atriði sem metin voru til einkunnar voru: hversu auðvelt var að bera sólarvörnina á húðina, hversu vel gekk sólarvörninn inn í húðina, sást vörnin á húðinni eftir áburð, varð húðin klístruð eða fitug eftir áburð, hversu einföld var sólarvörnin í notkun og hvernig var lyktn af sólarvörninni. Þessar einkunnir eru teknar saman í meðaleinkunn sem gefur til kynna hversu vel notendur kunnu að meta sólarvörnina.

Hvernig var prófað?

Af þeim sjö sólarvörnum sem komu best út í notendaprófinu fást fjórar hér á landi. Rétt er þó að taka fram að sú sólarvörn sem notendur kunnu allra best að meta fékk fallelkunn þegar kom að mælingu á SPF- gildi og vörnin sem hún veitir er því nær því að vera SPF 20 en SPF 30 eins og merkingar segja þó til um, og því má ætla að hún veiti 94%, en ekki 97%, vörn gegn UVB-geislum sólar.

Vörueitli	Verð	SPF að meðaltali	Stöðst	Meðal-einkunn allra þátta	Auðvelt að bera á húðina	Vörnin gengur vel inn í húðina	Ekkert sést á húðinni eftir áburð	Húðin er ekki klístruð eftir áburð	Húðin er ekki fitug eftir áburð	Góð lykt	Einföld í notkun
Edgewell Hawaiian Tropic Satin Prot. Ultra Rad.Lotion 100 ml	1.200 - 1.394	19.4	Nei	94	100	89	100	89	89	89	100
Boots Soltan Once Invisible 8 Hour Sun Protection Lotion		58.3	Já	84	100	100	80	90	80	40	100
Morrison's Protect & Nourish Sun Spray SPF30		42.8	Já	81	100	82	73	73	64	100	73
Piz Buin Protect & Cool Refreshing Sun Mousse		49.2	Já	78	91	82	73	73	55	82	91
EUCERIN sun extra lotion SPF30, 150 ml	2.712 - 2.938	26.3	Innan marka	77	90	70	70	70	60	100	80
Energizer Hawaiian Tropic Silk Hydration Lotion, 180 ml	1.998 - 2.523	25.5	Innan marka	76	73	73	82	64	73	82	82
Nivea sun protect and bronze SPF30, 200 ml	1.798 - 2.329	30.6	Já	75	83	83	83	75	50	58	92
RYOR lotion SPF30		31.6	Já	74	73	64	82	73	91	73	64
Aldi Lacura Suncare Moist. Sun Spray - Water Res. SPF 30		32.2	Já	73	92	83	92	58	42	75	67
SUN DANCE		36.8	Já	69	91	64	55	55	55	91	73
Vichy capital soleil / milk		32.4	Já	69	82	55	55	64	73	91	64
Garnier Ambre solaire / Light and silky		37.2	Já	68	75	58	58	67	58	83	75
Lloyds Solero Sun Lotion SPF 30 with Infrared-A Protection		35.8	Já	65	82	55	55	45	27	100	91
Reimann P20 Once a day sun protection SPF30		27.7	Innan marka	63	75	75	83	83	33	17	75
Sun Ozon		33.1	Já	62	82	73	82	36	36	45	82
Derma Sollotion SPF30		30.2	Já	61	82	73	82	64	36	18	73
Piz Buin 1 Day Long Lotion SPF 30		25.2	Innan marka	61	75	42	67	58	58	58	67
Asda Protect Sun Lotion SPF 30		32.5	Já	60	64	64	55	36	64	73	64
Ultrasun Family Protection SPF 30		34.1	Já	53	100	50	50	50	40	10	70
Lidl Cien Classic Sun Lotion - SPF 30		37	Já	51	62	46	46	38	38	92	38
Apotekets Sollotion SPF30		41.4	Já	50	75	50	67	25	25	50	58
La Roche-Posay Anthelios		34.3	Já	50	70	50	70	50	40	20	50
Nivea Sun Protect & Moisturising Sun Lotion SPF 30, 200 ml	1.099 - 1.749	37.6	Já	46	58	42	25	50	25	67	58
Matas Sollotion		46.2	Já	40	67	44	44	22	33	11	56
AVIVIR Aloe Vera Sun Lotion SPF30		44.6	Já	39	55	27	55	36	27	18	55
Boots Soltan Dry Touch Lotion SPF 30		29	Innan marka	36	30	10	50	40	50	30	40
Wilkó Suncare Lotion Spf30		36.3	Já	30	55	27	9	18	9	64	27
Boots Soltan Protect & Moisturise Lotion		33.7	Já	30	27	27	27	27	18	45	36
Superdrug Solait Enhanced Sun Lotion		32.1	Já	26	36	18	36	27	18	27	18


© ICRT og Neytendasamtökin 2016. Gefnar eru enkunnir á kvarðanum 1 - 100 þar sem 100 er best.

Hvað kostar gjaldeyririnn?

Nú þegar sumarleyfistíminn fer í hönd er rétt að huga að kostnaði við verslun og innkaup á ferðalögum erlendis. Hvaða greiðslufyrirkomulag er ódýrast? Er mikill munur á að versla með seðlum eða kreditkort? Hvað kosta peningaúttektir með debet- og kreditkortum úr hraðbönkum erlendis? Árið 2011 birti MP banki, nú Kvika, samanburð á kostnaði við notkun debet- og kreditkorta erlendis. Þá var hagstæðara að taka út seðla í hraðbanka með debetkorti en með kreditkorti og hagstæðara að versla með kreditkorti en með debetkorti, en ódýrast var að kaupa gjaldeyri og taka með sér. En hvernig er þessu háttað í dag? Ekki ólíkt vöxtum, sem eru verð á peningum, er gengi verð á erlendum gjaldmiðlum mælt í krónum. Gengisskráning skiptir neytendum miklu máli á ferðalögum erlendis og hefur að sjálfsögðu mikil og víðtæk áhrif á verðlag innanlands.

Lækkun kaupmáttar

Kaupmáttur okkar hefur lækkað mikið frá því fyrir hrún. Rýrnun krónunnar og kaupmáttar launa birtist meðal annars í gengi gjaldmiðla. Þannig hefur evran hækkað að meðaltali um ríflega 87% frá því fyrir hrún. Í maí árið 2000 kostaði 1 evra 69,59 krónur. Í maí sextán árum síðar er meðalverðið 140,35 eða 102% hærra. Evran hefur því tvöfaldast í verði og þar með kostnaður við verslun og innkaup á evrusvæðinu. Ef vel ætti að vera þyrfti að taka tillit til verðbólgu á evrusvæðinu til að fá betri mælikvarða. Í maí 2000 fengust um 718 evrur fyrir 50.000 krónur, en núna fást einungis 356 evrur fyrir sömu upphæð.



Að meðaltali er evran 87% dýrari síðustu 8 árin en fyrir hrún.

Gengisskráning

Seðlabankinn skráir og birtir gengi tíu algengustu viðskiptagjaldmiðla Íslendinga alla virka daga ársins. Meðal myntanna eru evra, þrjár Norðurlandamyntir, Bandaríkjadalur og sterlingspund. Bankar skrá viðskiptagengi sérstaklega, en það er hærra í krónum talið en gengisskráning Seðlabankans. Viðskiptabankarnir bæta við þóknun ofan á gengi Seðlabankans. Að auki er sérstakt VISA- og Mastercard-gengi sem er hærra í krónum en

gengisskráning viðskiptabankanna. Að auki er sérstakt gengi, sem er mun hærra, notað hjá Arion banka í Leifsstöð.

Hvað kosta seðlarnir?

Gengi 9. maí 2016		Álag á sölugengi Seðlabankans					
		EUR	USD	DKK	NOK	SEK	GBP
Arion banki	Seðlagengi	2,24%	1,75%	1,75%	1,91%	2,16%	1,52%
Íslandsbanki	Seðlagengi	2,23%	1,70%	2,48%	2,19%	2,31%	1,27%
Landsbanki	Seðlagengi	1,83%	1,65%	1,82%	1,87%	1,80%	1,51%
Arion banki	Leifsstöð	3,54%	3,48%	3,50%	3,30%	3,42%	3,34%

Eins og fram kemur í töflunni að ofan er dýrast að kaupa gjaldeyri í Leifsstöð og sætir furðu að ekki skuli vera nema einn banki starfandi í Leifsstöð þar sem fjöldi farþega sem fer um völlinn var 4,8 milljónir á síðasta ári. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2016 hefur farþega-fjöldinn aukist um 34% frá sama tíma í fyrra. Evran var ódýrust hjá Landsbankanum, sem að jafnaði er ódýrastur þegar kemur að kaupum á gjaldeyri. Þó er sterlingspundið ódýrara hjá Íslandsbanka. Ef Leifsstöð er undanskilin eru evran og sterlingspundið dýrust hjá Arion banka en Norðurlandamyntirnar hjá Íslandsbanka. En lítum á hvað við fáum fyrir okkar snúð við seðlakaup í bönkunum:

Keypt fyrir 100.000,- ISK	EUR	USD	DKK	NOK	SEK	GBP
Arion banki.....	698	798	5.214	6.519	6.468	554
Íslandsbanki.....	698	799	5.177	6.501	6.459	555
Landsbanki.....	700	799	5.210	6.521	6.491	554
Arion banki Leifsstöð.....	689	785	5.126	6.431	6.390	544

Mismunur á hæsta og lægsta í erl. mynt	EUR	USD	DKK	NOK	SEK	GBP
Í íslenskum krónum	12	14	88	90	101	11
	1.617	1.745	1.662	1.357	1.531	1.977

Munurinn er kannski ekki mikill þegar um kaup á seðlum er að ræða. Í öllum tilfellum er mismunurinn undir 2.000 krónum. En hvað skyldi maður maður fá fyrir 12 evrur t.d. á Spáni, þar sem verðlag er tiltölulega lágt? Á Spáni er væntanlega hægt að kaupa einn vel útilátinn kvöldverð án áfengis fyrir 12 evrur. Í Kaupmannahöfn nemur munurinn, 88 danskar krónur, andvirði tveggja pylsna með öllu. Verðlag erlendis skiptir þannig einnig miklu máli. Af þessu má ráða að mikill verðmunur er á matvælaaverði í Kaupmannhöfn og á Spáni en eftir því sem sunnar dregur í Evrópu verður kaupmáttur okkar meiri.

Þegar nota á gjaldmiðil viðkomandi lands, þ.e. seðla, er það fyrirhyggjan sem skiptir máli. Ódýrara er að kaupa gjaldeyri í viðskiptabanka en að taka út úr hraðbanka erlendis. Ódýrast er að kaupa gjaldeyri hjá

Landsbankanum og dýrast hjá Arion banka í Leifsstöð. En því miður er málið ekki svo einfalt. Vegna gjaldeyris-hafta er fólk skyldugt að kaupa gjaldeyri í viðskipta-banka sínum, sem veldur óhagræði eða kostnaði sem lendir á neytandanum. Þannig geta neytendur ekki valið að kaupa gjaldeyri þar sem hann er ódýrastur hverju sinni.

Hvað kosta kortafærslur?

Af VISA kreditkortum er dýrast að taka út fé í hraðbanka erlendis með korti frá Arion banka. Noti maður hins vegar Mastercard er munurinn hverfandi milli bankanna, en að jafnaði er dýrara að taka út af Mastercard en af VISA. Það er að jafnaði ódýrara að taka út fé í hrað-bönkum erlendis með debetkorti enda er úttektarþóknun lægri þegar debetkort er notað fremur en kreditkort. Hafa verður í huga að kortafyrirtækin Valitor og Kredi-kort nota sitt eigið gengi sem er hærra en gengi við-skiptabankanna, enda álagið hærra. Þó er gengi Banda-ríkjadals hagstæðara fyrir neytendur ef kort eru notuð og því ódýrara að nota kort í Bandaríkjunum fremur en dali. Sé debetkort notað til að greiða fyrir vöru og þjón-ustu erlendis bætist við 1% þóknun auk færslugjalda. Þegar kreditkort er notað til innkaupa erlendis er ekki tekin þóknun eins og í tilfelli debetkorta. En eins og áður sagði er VISA- og Mastercard-gengi hærra en seðlagengi.

Kostnaður við korta- og seðlanotkun.				Viðmiðunarfrjárhæð 100.000,- ISK		
				EUR	DKK	GBP
Gjaldeyriskaup				ISK	ISK	ISK
Arion banki	Seðlar		2.239	1.745	1.518	
Íslandsbanki	Seðlar		2.232	2.477	1.271	
Landsbanki	Seðlar		1.833	1.825	1.507	
Arion banki	Leifsstöð	Seðlar	3.537	3.496	3.339	
Úttekt úr hraðbönkum				ISK	ISK	ISK
Arion banki	VISA	Debetkort	5.158	5.390	5.023	
Íslandsbanki	VISA	Debetkort	5.155	5.373	5.021	
Landsbanki	VISA	Debetkort	5.116	5.078	5.354	
Bankamir *	Mastercard	Debetkort	5.565	5.341	5.072	
Úttekt úr hraðbönkum				ISK	ISK	ISK
Arion banki	VISA	Kreditkort	5.908	6.140	5.773	
Íslandsbanki	VISA	Kreditkort	5.905	6.123	5.771	
Landsbanki	VISA	Kreditkort	5.866	5.828	6.104	
Bankamir*	Mastercard	Kreditkort	6.315	6.091	5.822	

* Meðalkostnaður viðskiptabankanna er notaður, því mismunur er hverfandi milli bankanna.

Rétt er að taka fram að nýverið hafa tveir viðskiptabankar, Landsbanki og Íslandsbanki, þrengt að vali neytenda með því að bjóða upp á annað hvort VISA eða Mastercard, en ekki bæði kortin. Landsbankinn notar VISA greiðslukort og Íslandsbanki Mastercard. Arion banki býður viðskipavinum sínum, enn sem komið er, upp á báðar kortategundirnar. Að sögn bankanna lýkur útskiptingu kortanna endanlega í sumar. Þá mun taflan að framan líta aðeins öðruvísi út en viðskiptavinir þessara banka eiga þá ekki val um hvort þeir nota VISA

eða Mastercard eftir því hvort er hagstæðara hverju sinni. Af töflunni má ráða að ódýrast er að kaupa gjaldeyri í viðskiptabönkunum utan Leifsstöðvar ætli maður að nota seðla við innkaup erlendis. Dýrast er að taka út úr hraðbönkum með Mastercard kreditkorti á evrusvæðinu. Af VISA kreditkortunum er ódýrast að nota kort frá Íslandsbanka til úttektar á reiðufé í Bretlandi. Að jafnaði er ódýrara að taka út reiðufé erlendis með kreditkorti samanborið við debetkort, jafnvel þó svo að færslugjöld bætist við.

Hvernig er best að borga?

Tökum einfalt dæmi. Segjum sem svo að við förum inn í fataverslun erlendis og tökum til fatnað fyrir 40.000 krónur. Að sjálfsögðu viljum við greiða með sem minnstum tilkostnaði. Í ljós kemur að ódýrast er að versla með reiðufé eða farareyri frá viðskiptabönkunum. Næst ódýrast er að versla með kreditkorti í versluninni. Dýrara er að versla með debetkorti en kreditkorti. Kostnaðurinn við reiðufé frá Leifsstöð er á svipuðu róli og við verslun með debetkorti erlendis. Loks er mesti kostnaðurinn við úttektir á reiðufé úr hraðbönkum erlendis. Úttektir með kreditkortum eru dýrari en úttektir með debetkortum.

Kostnaður við fatakaup fyrir 40.000,- ISK			
Greiðslumáti	EUR	DKK	GBP
Gjaldeyrir			
Ódýrast - frá viðskiptabanka.....	40.733	40.730	40.508
Dýrast - frá viðskiptabanka.....	40.896	40.991	40.607
Frá Leifsstöð.....	41.415	41.398	41.336
Versla með kreditkorti			
Ódýrast VISA.....	40.970	40.955	40.933
Dýrast - VISA.....	40.987	41.080	41.066
Mastercard.....	41.150	41.059	40.953
Versla með debetkorti*			
Ódýrast VISA.....	41.380	41.365	41.343
Dýrast - VISA.....	41.397	41.491	41.476
Mastercard.....	41.562	41.472	41.363
Reiðufé úr hraðbanka með debetkorti			
Ódýrast VISA.....	41.790	41.774	41.752
Dýrast - VISA.....	41.807	41.902	41.887
Mastercard.....	41.973	41.882	41.773
Reiðufé úr hraðbanka með kreditkorti			
Ódýrast VISA.....	42.787	42.772	42.749
Dýrast - VISA.....	42.804	42.900	42.885
Mastercard.....	42.972	42.880	42.770

* færslugjöld kr. 17-19 ekki innifalin

Þessi niðurstaða er áþekkt úttekt MP banka (Kviku) árið 2011 eða fyrir 5 árum síðan.

Páll Rúnar Pálsson





Er hægt að bjarga heiminum í stórmarkaðnum?

Þeir eru margir sem halda því fram að ef neytendur leita eftir umhverfisvænum vörum þegar þeir versla geti þeir bjargað heiminum. En er það svo?

Hugsar þú um umhverfið þegar komið er að kæliborðinu?

Líður umhverfið fyrir það ef neytendur velja eina tegund kjöts frekar en aðra? Eru aukefni sem valda skaða í viðkomandi matvöru eða eiturefni í grænmetinu? Hefur kjúklingurinn lifað góðu lífi og hefur kaffibóndinn búið við eðlilegar aðstæður og fengið sanngjarna greiðslu fyrir kaffibaunirnar? Neytendur fá oft að heyra að þeir geti bjargað heiminum, eða allavega gert hann örlítið betri, með því að velja rétt þegar keypt er inn. En hve mikil áhrif hafa neyslunenjur okkar í raun?

Innkaupaferðin snýst ekki um að bjarga heiminum

Innkaupaferðin í stórmarkaðinn er ekki farin til að bjarga heiminum, heldur snýst hún um að kaupa það sem heimilið vantar. Það sem við verslum inn er í samræmi við þarfir okkar og við þurfum mat að borða. Oft er verslað á leiðinni heim úr vinnunni og tíminn sem tekur að versla ákvarðar oftast en ekki hvar við verslum. Þess vegna skiptir staðsetning verslunarinnar, vöruúrvalið og hversu fljótlegt er að versla neytendur máli.

Vaninn skiptir einnig miklu máli enda getur verið erfitt að þurfa að taka ákvarðanir um það daglega hvað er rétt að kaupa með tilliti til umhverfisins. Þess vegna mótast innkaupin meira og minna af sama mynstri. Mynstrið byggir meðal annars á fjárhagsstöðu hvers og eins, þekkingu, hugðarefnum, lífsstíl og hvernig við viljum vera.

Með kaupum á hreinlætisvörum sem eru með umhverfismerknu Svaninum vill viðkomandi neytandi reyna að komast hjá því að kaupa vörur sem innihalda skaðleg efni. Þetta auðveldar neytendum að versla samkvæmt vananum. Viðkomandi þarf bara að horfa eftir svansmerktum vörum og þar með hefur hann tekið ákvörðun.

Upplýsingar á umbúðum og það sem við vitum um framleiðsluna á matnum skiptir miklu máli varðandi það hvað við veljum að setja í innkaupakerruna. En það er þó ekki svo að allir hafi sama áhuga á matvælum, umhverfi og heilsu. Þótt neytendur hafi vitneskju á þessu sviði er

ekki hægt að sjá á dós með niðursoðnum tómötum við hvaða aðstæður starfsmenn á Ítalíu hafa unnið, eða hvort hormónaraskandi efni sem síðan smitast út í matvöruna hafa verið notuð í dósina.

Það er erfitt að fá nógu góða yfirsýn

Því er oft haldið fram, m.a. af versluninni og stjórnmálamönnum, að neytendur eigi að skapa eftirspurn. Þá er gengið út frá því að neytendur hafi getu, vilja og vald til að hafa áhrif. Vissulega hafa þeir það að vissu leyti. En það er útilokað að neytendur geti haft fulla yfirsýn yfir afleiðingar eigin neyslu. Þannig er erfitt fyrir neytendur að átta sig á því hvaða aðstæður hænan sem verpti egginu, eða svínið sem varð að beikoninu, bjuggu við. Flestum neytendum er umhugað um góða meðferð dýra, jafnvel þó þau endi síðar á matarborðinu, en oft er erfitt að átta sig á því hvernig aðbúnaður þeirra er í raun.

Neytendur vilja sýna siðræna ábyrgð

Í danskri rannsókn kemur fram að 97% neytenda vilja versla á ábyrgan hátt. Ef eftirspurn neytenda er í raun lykillinn að því að fá fleiri umhverfisvænar vörur í verslanir þyrftu allar vörur sem í boði eru að vera umhverfisvænar og hollar. Því miður er langt í frá að svo sé. Því miður er það einnig svo að víða um heim skiptir ábyrg framleiðsla litlu sem engu máli. Með hliðsjón af því hefur eftirspurn eftir umhverfisvænum vörum ekki mikið að segja.

Verð vörunnar, staðsetning, úrval og bragð skipta miklu máli

Aukin eftirspurn getur leitt til breytinga á framleiðsluáttum, en vörur sem framleiddar eru á siðrænan og ábyrgan hátt þurfa einnig að standa neytendum til boða í verslunum sem eru nálægt heimili þeirra, þ.e. í almennum verslunum. Neytendasamtökin hafa ásamt mörgum fleiri kallað eftir meira úrvali af lífrænum vörum. Það er því miður staðreynd að við framleiðum minna af slíkum vörum hér en í nágrannalöndunum. Verslanir bjóða hins vegar í auknum mæli upp á innfluttar lífrænar vörur og það sýnir að íslenskir neytendur hafa áhuga á að kaupa þær. Það er því ekki vafi á því að neytendur myndu velja á siðrænan hátt ef slíkar vörur væru á annað borð í boði.

Þýtt og staðfært af taenk.dk.

ÞVOTTAVÉLAR SEM SPARA RAFMAGN

Nýlegar þvottavélar nota mun minna vatn og rafmagn en eldri vélar, en afleiðingin er lengri þvottatími.

Áhugi á minni raforkunotkun getur komið til vegna þess að fólk vilji vernda umhverfið eins og mögulegt er. Einnig skiptir það máli þegar kemur að kostnaði við þvottinn að orkunotkun sé sem minnst.

Ef valin er þvottavél með orkumerkinguna A+++ er orkunotkunin að meðtali í kringum 0,15 kWh á hvert kg af þvotti. Orkan fer aðallega í að hita vatnið.

Lítill orkunotkun – langur þvottatími

IKEA Renlig FWM8 notar 0.09 kWh á hvert kíló af þvotti þegar þvegið er við 40 gráður. Það þýðir að rafmagnskostnaður við þvott á sjö kg af þvotti er 10,32 kr., sem er mjög lítill orkunotkun. Hins vegar tekur það vélina 3 klukkustundir og 17 mínútur að ná ásættanlegum þvotti. Ef mikilvægt er að þvotturinn taki lítinn tíma er því betra að hafa aðrar vélar í sigtinu.

Hotpoint RPD965D-DEU er 2 klukkustundir og 30 mínútur að þvo sjö kg af þvotti. Hins vegar notar hún meira rafmagn eða 0,15 kWh á hvert kg. Það þýðir að rafmagnskostnaður við þvott á sjö kg er 17,2 krónur. Hluti skýringarinnar gæti verið sá að hitinn á vatninu var 44 gráður þegar vélin var stillt á 40 gráðu þvott.

Grein þessi er unnin úr grein í danska neytendablaðinu Tænk. Þar eru raunar taldar upp þrjár vélar og sú síðasta er AEG vél. Það vekur athygli að hún hitar vatnið upp í heilar 47 gráður með tilheyrandi meiri orkunotkun. Þessi vél er ekki seld hér á landi heldur aðeins í Danmörku að sögn innflytjanda. Það er bagalegt þar sem þessi vél kemur best út af þessum þremur í gæðakönnunum.

Hvað kostar kílóvattstundin?

Einhver verðmunur er á milli veitna en samkvæmt verðskrá Orku náttúrunnar og Orkuveitu Reykjavíkur er kostnaður heimila vegna einnar kWh samsettur á þennan hátt:

Notkun: 6,80 kr. **Dreifing:** 5,26 kr.
Flutningur: 1,9 kr. **Jöfnunargjald:** 0,37 kr.

Samtals kostar 1 kWh því 14,33 kr. með virðisauka-skatti en þá er raunar fast gjald vegna dreifingar ekki tekið með í reikninginn, en það nemur 41 kr. á dag. Miðað við að heimili noti 20 kWh á dag, sem er raunar heldur rífleg notkun, má því reikna með að kostnaðurinn við 1 kWh sé 16,38 kr.

Verð hér og í Danmörku

Í Danmörku kostar IKEA-vélin 2.599 kr. en miðað við sölugengi Seðlabankans 6. maí sl. er danska krónan 18,856 íslenskar krónur og kostar vélin því 49.007 íslenskar krónur. Því vekur það óneitanlega athyli að þessi sama vél kostar 89.900 krónur hjá IKEA hér á landi. Hotpoint vélin kostaði í Danmörku 5.999 kr. eða 113.117 íslenskar krónur en kostar 84.995 krónur hjá Elko. Hún er því talsvert ódýrari hér á landi en í Danmörku.

Gæða- og markaðskönnun

Neytendasamtökin gerðu síðast markaðskönnun á þvottavélum hinn 6. október sl. Þá voru til 148 mismunandi gerðir þvottavéla og 38 þeirra voru í gæðakönnun sem unnin var í samvinnu við ICRT. Ódýrasta vélin kostaði þá 44.995 krónur en sú dýrasta 479.900 krónur. Það vekur athygli að Hotpoint vélin kostaði þá 79.995 krónur og hefur því hækkað um 6,2%. Félagsmenn sem vilja skoða gæða- og markaðskannanir NS finna lykilorð á læstar síður neðst á bls. 2.



IKEA Renlig FWM8
Verð: 89.900 krónur

Það tekur þrjá tíma og 17 mínútur að þvo bómullarprógramm á 40 gráðum og rafmagnið sem þarf til að þvo sjö kíló af þvotti kostar 10,32 krónur.



Hotpoint RPD965DDEU
Verð: 84.995 krónur.

Það tekur tvo tíma og 30 mínútur að þvo bómullarprógramm á 40 gráðum og rafmagnið sem þarf til að þvo sjö kíló af þvotti kostar 17,2 krónur.

LÝSI

Perla eða skeið?

Reikniaðferðir sem notaðar eru til að ákvarða verð á vörum eru margskonar. Það er t.d. hægt að selja stykki af karamellu á ákveðna krónutölu. Inni í þeirri tölu er þá hlutur framleiðandans, heildsalans og smásalans. Þetta er því flóknari ráðahagur en margan grunar. Önnur leið til að reikna út verð vöru er að miða við þyngd hennar. Það er sanngjörn leið því margar vörur eru ekki einleitar þótt þær séu seldar í stykkjatali. Ávextir og grænmeti eru ágætis dæmi um þetta. Epli geta verið misstór og svolítið skrýtið að greiða sama verð fyrir stórt epli og lítið epli. Vigtun leysir þetta mál á góðan og sanngjarnan hátt. En hvað gerist þegar vara er þess eðlis að hún fellur undir báða flokkana; stykkjaflokkinn og þyngdarflokkinn? Slíkar vörur eru sannarlega til og ágætis dæmi um eina slíka eru lýsisperlur.

Íslenska lýsið

Lýsi hefur verið framleitt á Íslandi um áratuga skeið. Lýsi hf. er langstærsti framleiðandi lýsis á Íslandi og þó minni fyrirtæki hafi haslað sér völl á markaðnum má segja að í besta falli ríki á honum fákeppni. Þetta er bagalegt því lýsi er fastur liður í innkaupum fjölskyldunnar. Norðmenn neyta lýsis á svipaðan hátt og Íslendingar. Vinsælaasta lýsið í Noregi heitir Möllers Tran og er selt á glerflöskum áþekktum þeim sem Lýsi selur. Nýlega fagnaði fyrirtækið sem framleiðir Möllers Tran 160 ára afmæli sínu og það hlýtur að vera einstakt. Verð á lýsi í Noregi og á Íslandi er svipað en samanburður er svolítið erfiður þar sem Möllers Tran olían er úr þorsklifur en þorskalýsið sem Lýsi framleiðir er úr fiskum af þorskaætt. Samkvæmt heimasíðu Lýsis er um að ræða þorsk, ufsa og ýsu. Heimildir eru fyrir því að lifur úr kolmunna sé líka notuð til þorskalýsisframleiðslu.

Flestir eru sammála um ágæti lýsis fyrir heilsuna. Flestar rannsóknir benda í sömu átt og niðurstaðan um ágæti lýsisneyslu er frekar regla en undantekning. En eins og á öllum góðum málum er hængur. Lýsi er almennt talið frekar vont á bragðið, sérstaklega af fólki sem ekki er vant að taka lýsi. Lýsisfyrirtækin hafa brugðist við þessu með að setja á markað gelatínþillur sem innihalda lítið magn af lýsi. Gelatínið er unnið úr svínaafurðum en lýsisperlur frá fyrirtækinu Dropa eru unnar úr fiskigelatíni.

Lýsisperlur eru seldar í krukum og innihalda mismunandi margar perlur. Í vefverslun Hagkaups er hægt að kaupa 500 stykki af 280 mg lýsisperlum í krukku og kostar sú pakkning 2.169 kr. Stærri lýsisperlur eru fáanlegar og margir kannast við stórar lýsisperlur sem eru hluti af „Heilsutvennu”.

Hæsta verðið miðað við þyngd

Á dögnum átti greinarhöfundur í skemmtilegum samræðum um kílóverð og það hvaða vara sé dýrust miðað við þyngd. Umræðurnar fóru á flug og enduðu í spurningaformi á Twitter. Þar voru viðbrögðin ekki síðri.

Niðurstaðan um ágæti lýsisneyslu er frekar regla en undantekning

Flestir nefndu prentarablek sem dýrustu fáanlegu vöru á Íslandi miðað við þyngd en það komu fleiri tillögur.

Við skoðun á netinu komu í ljós allskonar listar með dýrasta matnum með tilliti til þyngdar en þeir voru frekar óvísindalegir og meira til gamans en hitt. Í efstu sætunum á þessum listum voru þó yfirleitt sömu vörurnar. Gera má ráð fyrir því að dýrustu matvörurnar miðað við þyngd séu þrjár; saffran, kaviar og trufflusveppir. Verðið á þessum vörum fer eftir ástandi, framboði og eftirspurn. Stundum koma fréttir af gríðarlega háu verði fyrir túnfisk á uppboðum í Japan. Sama gildir um sérstakar melónur sem munu vera mikið hnossgæti. Þessar vörur gætu ugglaust komist á blað en heilt yfir eru ofangreindar þrjár vörur sennilega þær dýrustu miðað við þyngd.

En aftur að lýsinu. Það voru nokkrir sem nefndu lýsi í lýsisperlum sem dýrustu vöruna miðað við þyngd. Það er hægt að fá botn í þetta mál. Eftir nokkur símtöl var greinarhöfundur mættur með prufur á Raunvísindastofnun HÍ. Þar var innihald þriggja 280 mg lýsisperla tekið og vigtað á ofurnæmri vigt.

Gat var skorið á hverja lýsisperlu og innihaldið látið dreypa á þar til gerðan bakka (sem búið var að nállstilla á vigtinni). Þetta reyndist nokkuð brösugt en góð sýnishorn náðust úr þremur lýsisperlum. Þyngd þeirra reyndist 191 mg, 182 mg og 204 mg eða 192 mg að meðaltali. Uppgefið lýsismagn í hverri perlu á umbúðunum er 280 mg. Eins og sjá má er nokkur munur á vigtuðu innihaldi og uppgefnu innihaldi á umbúðunum.

Greinarhöfundur taldi sig þar með vera með eitthvert kjöt á greinarbeininu en svo reyndist þó ekki vera. Eftir að hafa ráðfært sig við sérfræðinga á sviði lyfjagerðar kom nefnilega í ljós óvæntur vinkill sem gjaldfellir allar tilraunir til innihaldsvigtunar.



Lýsi í lýsishúð

Lýsiperlur eru búnar til á þann hátt að gelatíni er blandað við ákveðið magn af lýsi, það hrært saman og látið þekja bakka sem þakinn er ýriefni. Síðan er bakkinn hristur á ákveðinn máta og lýsis- og gelatínlausnin myndar smám saman lítil hylki með lausninni innan í. Í stuttu máli eru því umbúðirnar utan um lýsið úr sama efni og lýsið sem er innan umbúðanna. Sú aðferð að kreista lýsi innan úr gelatínhulstrinu er því í besta falli ónákvæm.

Þetta er auðvitað niðurstaða þótt hún sé önnur en sú sem greinarhöfundur taldi líklega þegar farið var af stað.

Perlurnar margfalt dýrari

Niðurstaðan er því skýr í þessari litlu könnun. Kílóverð á lýsi í lýsisperlum er 15.492 kr. Verð á lítra af lýsi í flösku í Hagkaup er 2.158 kr. og því ljóst að lýsi í perlum er rúmlega 7 sinnum dýrara en lýsi í flösku. Hitt er vert að taka fram að margir eiga í miklum erfiðleikum með að taka lýsi upp á gamla mátann og eru reiðubúnir að borga meira fyrir að sleppa við bragðið.

Læknir sem greinarhöfundur leitaði til vegna þessarar könnunar kannaðist vel við perlur-eða-skeið-umræðuna en benti á að lýsi úr skeið er fljótara að virka eftir inntöku vegna gelatínsins í lýsisperlunum. Hann mælti með skeiðinni.

Á þessu máli eru óvenju margir fletir en ljóst er þó að lýsi í lýsisperlum er ekki meðal dýrustu matvæla í heiminum miðað við þyngd þótt að það sé að sönnu nokkuð dýrt. Hið sama má reyndar segja um daglegar vörur á borð við kryddjurtir sem eru mjög dýrar sé reiknað út frá kílóverði.

Teitur Atlason,
varaformaður Neytendasamtakanna.

SNERTILAUSAR KORTAGREIÐSLUR

Snertilausar greiðslur virka þannig að í stað þess að setja greiðslukort inn í þar til gerða posaruf og slá inn PIN-númer er kortið einfaldlega borið upp að posanum. Hverjum kann að sýnast sitt um öryggi þessarar tilhögunar enda skoðar enginn kortið og PIN-númer er eins og áður sagði óþarfi. Enn sem komið er Íslandsbanki eini viðskiptabankinn sem býður upp á kredit- og debetkort af þessu tagi en samkvæmt svörum frá Arion banka og Landsbankanum eru kort með snertilausri virkni væntanleg.

Á snertilausum greiðslum eru, í öryggisskyni, ákveðnar takmarkanir. Þannig er hámarksupphæð hversrar greiðslu 4.200 kr. og þegar samanlögð fjárhæð snertilausra greiðslna hefur náð 10.000 krónum verður að staðfesta næstu greiðslu með PIN-númeri. Sambærilegar reglur gilda víðast hvar erlendis; hámarksupphæð hversrar snertilausrar greiðslu í Bretlandi er í flestum tilvikum 30 pund, á Spáni er hún 20 evrur og í Danmörku er hámarkið 200 danskar krónur. Þá er algengt erlendis að eftir þrjár snertilausar greiðslur í röð þurfi að staðfesta greiðslu með PIN-númeri.

Á heimasíðu Íslandsbanka kemur fram að öryggi snertilausra greiðslna hafi verið margþróað erlendis og í sjálfu sér er óþarfi að reyna að hrekja þá staðhæfingu. Að því

gefnu að hámarksupphæðir standist og að lokað sé fyrir snertilausar greiðslur eftir að hámarksupphæð er náð virðist áhættan þannig lítil fyrir korthafa. Hins vegar er fullt tilefni til þess að þeir sem eru með kort sem bjóða upp á snertilausar greiðslur gæti enn betur að kortunum sínum en ella, enda væntanlega auðvelt fyrir þá sem komast yfir kortið að versla fyrir alla vega 10.000 krónur án þess að nokkur við afgreiðsluna verði þess var að ekki er um réttan handhafa kortsins að ræða.

Rétt er að hafa í huga að korthafi ber jafnan sjálfsábyrgð að upphæð 150 evrur vegna óheimillar notkunar sem á sér stað áður en kort er tilkynnt glatað. Sú ábyrgð er töluvert hærrí en umrætt 10.000 króna mark, en ætla má, eða sanngirnisrök hníga a.m.k. til þess, að miðað yrði við umrætt úttektarhámark, enda væntanlega aðrir en korthafi sem bera ábyrgð á því að það sé í gildi. Sé PIN-númer hins vegar notað ber korthafi jafnan ábyrgð á öllum greiðslum sem staðfestar eru með því. Í tengslum við það er áhugasömum jafnframt bent á greinina „Pinnið á minnið“ sem birtist í 3. tbl. Neytendablaðsins 2013, en þar er m.a. fjallað um ábyrgð korthafa á greiðslum sem framkvæmdar eru með því að slá inn PIN-númer og hvernig lög og skilmálar taka á þeim álítaefnum sem koma upp.

NEYTENDASTARF ER Í ALLRA ÞÁGU

10-11

A4

Arion banki

Atlantsolía

Bananar

Bosch-búðin

Borgun

Bónus

Byko

Eimskip

Ferðaskrifstofa Íslands

Flugfélag Íslands

Hagkaup

Húsasmiðjan

Iceland

Icelandair

Innes

Ísfugl

Íslandsbanki

Íslandsþóstur

Kaskó

Krónan

Landsbankinn

MP Banki

MS

Myllan

Nathan & Olsen

Nettó

Olís

Ora

Orka náttúrunnar

Orkan

Ormsson

ÓB

Rúmfatalagerinn

Samkaup-Strax

Samkaup-Úrval

Samskip

Samsungsetrið

Sjóvá

Skeljungur

Sláturfélag Suðurlands

Smith & Norland

Sölufélag garðyrkjumanna

Tryggingamiðstöðin

Valitor

Vátryggingafélag Íslands

Víðir

Vínbúðin

Vodafone

Vörður tryggingar

WOW air

Öryggismiðstöðin

Svik & prettir

- neytendur þurfa að vara sig



Það er ekkert nýtt að svindlarar reyni að plata fé út úr hrekklausu fólki, en með tilkomu internetsins og nýrri tækni hafa slíkir aðilar orðið fjölgðari. Þær aðferðir sem þeir nota hafa þannig orðið mun fleiri og því getur verið erfitt að átta sig á því hvort um svindl sé að ræða eða hvort fólk hafi einfaldlega dottið í lukkupottinn. Hér í Neytendablaðinu hefur áður verið fjallað um svik sem felast í hinum svokölluðu „Nigeríubréfum“, um lottósvik og pýramídasvik. Þessar tegundir svika eru á undanhaldi, enda vita þeir sem stunda þau að flestir eru farnir að sjá í gegnum þau. Af þeim sökum hafa svindlararnir komið sér upp öðrum og flóknari aðferðum sem koma flestum á óvart.

Þá hafa svik sem felast í auðkennisþjófnaði (e. identity theft) aukist á síðustu árum og virðast fjármálafyrirtæki ekki geta komið í veg fyrir það í öllum tilfellum að svikari geti fengið útgefið greiðslukort á nafni og reikning annars aðila. Hér á eftir verður fjallað um helstu tegundir nýrra svika og hvernig hægt er að komast hjá því að falla í gildruna.

Svik sem felast í auðkennisþjófnaði hafa aukist á síðustu árum

Símasvindl

Fyrir tilkomu internetsins voru símasvik töluvert algeng en þeim fækkaði þegar svindlarar fóru að notfæra sér internetið og tölvupóst í auknum mæli. Það sem símasvindl hefur samt fram yfir hin hefðbundnu internettsvik

er að svindlarinn fær mun betra tækifæri til þess að sannfæra fórnarlambið þegar hann talar við það beint í gegnum síma.

Ævisparnaðinum stolið

Þeir sem stunda símasvik eru oft mjög vel máli farnir og sannfærandi. Þessi svik geta verið margvísleg en nú er algengt að þau felist í því að fórnarlambið gefur viðkomandi persónuupplýsingar sem hann getur síðan notað til þess að láta útbúa greiðslukort og draga sér þannig fjármuni, en nánar verður fjallað um það hér síðar. Einnig er algengt að símasvindl feli í sér að fá fólk til þess að greiða í gegnum símann með órekjanlegum hætti. Þannig var eldri konu talin trú um að barnabarn hennar væri í fangelsi í Perú eftir að hafa keyrt á ungan dreng þar í landi. Maðurinn í símanum kynnti sig sem lögmann barnabarnsins og ræddi við konuna um að hún yrði að senda honum pening með símgreiðslu svo barnabarnið fengi nauðsynlega hjálp. Konan heyrði þá rödd annars manns og þar sem hún hélt að það væri barnabarnið kallaði hún nafn hans. Þar með höfðu svikararnir náð nafni barnabarnsins og gátu gert sig enn trúverð-





ugri. Konan þorði ekki öðru en að borga umbeðna fjárhæð, í kringum hálfa milljón, og var það gert með þeim hætti að hún var látin kaupa fjöldann allan af skafkortum og látin lesa upp númerin á þeim. Slík kort virka eins og inneignarkort og getur sá sem fær númer kortsins gefið upp notað inneign þess eins og venjulegt reiðufé. Þannig var greiðslan orðin órekjanleg með öllu. Á einni viku höfðu svikararnir ævisparnaðinn af konunni, eða alls um sjö milljónir króna. Það var ekki fyrr en hún fór í bankann til þess að taka lán með veði í fasteign sinni sem bankastarfsmaðurinn sagði henni að um svindl væri að ræða. Hún brotnaði niður í bankanum og sagði að lögmaður barnabarnsins hefði sagt henni að hún mætti ekki segja neinum frá þessu, en þegar hún ræddi loks við son sinn kom í ljós að ekkert amaði að barnabarninu. Konan sagði mennina hafa verið virkilega sannfærandi og að þeir hefðu nánast dáleitt hana, því venjulega hefði hún aldrei fallið fyrir svindli sem þessu.

Auðkennisþjófnaður

Auðkennisþjófnaður felst fyrst og fremst í því að koma höndum yfir persónuupplýsingar fólks og notfæra sér þær til þess að ná fjármunum af því. Allra grófustu svikin hafa endað með því að svikarar hafa fengið útgefin greiðslukort á nafni fórnarlambinsins, einfaldlega með því að fylla út umsókn og nota til þess þær upplýsingar sem þeir hafa komist yfir um viðkomandi.

Sem betur fer hafa fjármálafyrirtæki í flestum tilfellum séð í gegnum þetta en þó hefur það gerst að svikin hafi gengið upp. Einnig geta svikin falist í því að svindlarar komast yfir tölvupóstaðgang fólks og stjórna honum án þess að fórnarlambið viti af því. Þá eru tengiliðir notaðir með þeim hætti að svikarinn getur séð hverja fórnarlambið á í samskiptum við og búið þannig um hlutina að fórnarlambið haldi að vinir þess séu að biðja um að fá lánaða peninga í stutta stund. Þá fylgja vanalega ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig fórnarlambið eigi að

koma peningunum til vinar síns, sem auðvitað er ekki vinur þess heldur svikari sem er jafnvel í annarri heimsálfu. Vanalega eru slíkar millifærslur þá framkvæmdar með órekjanlegum hætti, þannig að ómögulegt er að komast að því hver er að stunda svikin. Það er mikilvægt að passa sig á því að ekki sé of mikið af persónuupplýsingum á almannafæri á internetinu og notast við mörg mismunandi aðgangs- og leyniorð. Það getur komið sér illa ef notast er við sama lykilorð alls staðar, enda getur þá sá sem kemst yfir lykilorðið á einum stað átt auðveldan aðgang að öðrum svæðum.

Það er einnig mikilvægt að gefa ekki upp persónuupplýsingar í gegnum síma

Þá er einnig mikilvægt að gefa ekki upp persónuupplýsingar í gegnum síma ef hringt er í viðkomandi og hann beðinn um þessar upplýsingar. Það er oft reynt að dulbúa slíkt með því að um sé að ræða stutta könnun o.s.frv. og viðkomandi í lokin beðinn um að gefa hinar ýmsu upplýsingar.



Fjárfestingasvindl

Svikarar voru duglegir að notast við hin hefðbundnu lottósvik hér áður fyrr. Þá var fólki talin trú um að það hefði unnið rosalegar fjárhæðir í getraunum sem það hafði aldrei heyrt um og til þess að fá vinninginn greiddan út þyrfti að greiða lítinn hluta vinningsfjárins fyrirfram í gjöld. Oft var um að ræða hundruð þúsunda, sem virtist ekki mikið miðað við umfang vinningsins.

Sem betur fer hafa flestir séð í gegnum þess konar svindl í dag en það þýðir einfaldlega að svikararnir hafa breytt aðferðum sínum. Í dag er svokallað fjárfestingasvindl algengara en þá er einstaklingum talin trú um að með því að kaupa hlutabréf sé hægt að margfalda peninginn á mjög stuttum tíma. Þá er vanalega lofað ávöxtun sem á sér enga hliðstæðu í raunveruleikanum. Þessum svikum er iðulega beint að fólki sem er á besta aldri, enda líklegra að það fólk sé með auðveldan aðgang að peningum, og helst fólki sem hefur litla eða enga reynslu af fjárfestingum. Einnig eru dæmi um svindl sem beinist að fólki sem nálgast eftirlaunaaldur og er því þá talin trú um að hægt sé með einföldum hætti að nýta sér lífeyri og hætta þannig að vinna fyrr en ella. Til þess þurfi einungis að greiða þjónustugjald sem getur hlaupið á tugum eða jafnvel hundruðum þúsunda. Þetta er auðvitað ekkert annað en svindl og fólk ætti að taka öllum slíkum boðum með fyrirvara.

Falsaðir miðar á tónleika eða íþróttaviðburði

Það er varhugavert að kaupa miða á viðburði beint af einstaklingum sem maður kann engin deili á. Í flestum tilfellum eru miðar seldir í gegnum internetið og þurfa kaupendur þá að prenta sína miða út og hafa meðferðis á viðburðinn. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir að sami miðinn sé prentaður út mörgum sinnum og því er hætt á að þeir sem kaupa miða af öðrum einstaklingum séu að kaupa falsaða miða. Þetta er sérstaklega varhugavert þegar keyptir eru miðar á viðburði erlendis, en þekkt er að svikarar stunda það að selja slíka miða og segjast ætla að afhenda þá á ákveðnum tíma og tilteknum stað. Þegar fórnarlömb svikanna mæta síðan til útlanda og ætla að taka við miðunum, til dæmis á knattspyrnuleik eða tónleika, er enginn þar til þess að afhenda þá og jafnvel langt síðan greiðsla fór fram.

Það er alltaf öruggast að versla einungis við viðurkennda söluaðila sem sjá um milligöngu við slíka miða. Þess konar aðilar taka oft smávægilega þóknun fyrir en ef eitthvað kemur upp á, eins og til dæmis ef miðinn er ekki eins og honum var lýst, er venjulega hægt að fara fram á endurgreiðslu að öllu leyti eða að hluta. Einnig er mikilvægt að leita að ummælum annarra um reynslu sína áður en verslað er við slíkar heimasíður, enda geta svikarar



hafa komið sér upp heimasíðum sem á yfirborðinu líta sannfærandi út án þess að nokkuð sé á bakvið þær.

Vörur sem eru ekki til auglýstar til sölu

Samfélagsmiðlar eins og Facebook hafa að einhverju leyti tekið við af verslunum og umboðssölum þegar kemur að því að kaupa og selja notaðar vörur. Það hefur ýmsa kosti, eins og til dæmis þann að maður getur fengið meiri upplýsingar um seljanda vöru áður en kaupin eru gerð. Það er hins vegar staðreynd að það er lítið mál að búa sér til falsaðan reikning á samfélagsmiðlum og því ætti fólk alltaf að taka því með fyrirvara ef einhver er að selja hluti á verði sem virðist of gott til að vera satt.

Það er lítið mál að búa sér til falsaðan reikning á samfélagsmiðlum

Það hefur aukist á undanförunum árum að aðilar auglýsi vörur til sölu á hlægilegu verði og fari fram á að varan sé greidd með millifærslu áður en hún er afhent. Einnig er stundum verið að sýsla með þýfi og er þjófurinn þá að reyna að koma þýfinu frá sér eins fljótt og hann getur. Kaupandi þýfisins getur þá þurft að afhenda réttmætum eiganda vörunnar hana til baka og situr eftir með sárt ennið. Það er því góð regla að líti eitthvað út fyrir að vera of gott til að vera satt þá er það mjög líklega raunin.

Hrannar Már Gunnarsson
Unnið uppúr umfjöllun í Which? og Consumer Reports



Ókeypis aðstoð við leigjendur í fimm ár

Leigjendaaðstoðin á fimm ára afmæli um þessar mundir.

Á þeim tíma hafa um 9.000 erindi borist frá leigjendum varðandi:

- ✓ Ástand og viðhald húsnæðis
- ✓ Uppsögn leigusamnings
- ✓ Tryggingar
- ✓ Gerð leigusamnings
- ✓ Leiguverð
- ✓ Riftun
- ✓ Nauðungarsölu og ótalmargt fleira

Leigjendaaðstoðin er þjónusta fyrir leigjendur sem þurfa upplýsingar og ráð um allt sem viðkemur leigu á íbúðarhúsnæði. Neytendasamtökin sjá um reksturinn samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið en þjónustan er leigjendum að kostnaðarlausu.

Símatími er á mánu-, þriðju- og fimmtudögum kl. 12:30-15.00